

Námsvísir 2023-2024

1. bekkur

Námshgrein: Stærðfræði

Kennari/kennarar: Ásdís Ólöf Sigurðardóttir og Bergdís Eyland Gestsdóttir



Gleði – Samvinna – Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur geti:

- tjáð sig um stærðfræði og útskýrt hugsun sína fyrri öðrum
- notað hugtök og tákniál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin talnagrind, hlutbundin gögn, skýringarmyndir og talnalínu
- útskýrt uppbyggingu talna í tugakerfinu svo sem einingar og tugi, vinatölur og fylla tuginn
- skráð fjölda og reiknað með náttúrulegum tölum (0, 1, 2, 3 til 20) á hlutbundinn hátt, raðað þeim, borið saman og skráð svör sín með talningarstrikum, skýringarmyndum og tugakerfisrithætti
- búið til og haldið áfram með mynstur eftir ákveðinni reglu með því að nota hluti eða form
- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form (þríhyrningur, ferhyrningur, hringur), stærðir (lítill, stór, minni, stærri, færri, fleiri) og staðsetningu (bakvið, fyrir framan, hliðina á) til að tala um ýmislegt í daglegu lífi og umhverfi sínu
- áætlað og mælt lengd með óstöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælieiningu
- talið, flokkað, skráð og lesið úr niðurstöðum sínum

Kennsluaðferð / vinnulag

Innlögn af töflu, Einstaklingsvinna, para- og hópavinna í ýmsum leikjum og verkefnum. Kennslan brotin upp með stærðfræðihringekjum og lifandi stærðfræðikennslu í anda „Leikur að læra“ hugmyndafræðinnar.

Námsmat

Vinna og virkni í tíma, í lok hvers kafla í Sprotu er kaflapróf og í lok annar er annarpróf

Námshgögn

Sproti 1a nemendabók og æfingabók (valdar blaðsíður)

Sproti 1b nemendabók og æfingabók (valdar blaðsíður)

Húrrahefti (fer eftir getu hvers og eins)

Viltu reyna?

Auka bók (fyrir lengra komna):

Stærðfræðispæjarar, verkefnablöð og Sproti 2a